

**Nd.**

## **291. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 21 21. maí 1942, um stríðsgróðaskatt.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

3. gr. laganna orðist svo:

1. gr.

Ríkissjóður greiðir 15% — fimmtán af hundraði — af stríðsgróðaskatti, sem innheimtur er eftir lögum þessum, til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan skatt fá samkv. 2. gr. eða fengju lægri skatt samkv. 2. gr. en þau mundu fá samkv. þessari grein, enda fái sami aðili aldrei skatt eftir háðum greinunum. Fé þessu skal skipt í hlutfalli við þann tekjuskatt, sem til fellur í viðkomandi sýslu- og bæjarfélögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við skiptingu stríðsgróðaskatts álagðan 1943, miðað við tekjur ársins 1942.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu, að tekjur bæjar- og sveitarfélaga af stríðsgróðaskattinum eru hækkaðar nokkuð og þá fyrst og fremst þeirra, sem litlar eða engar stríðstekjur hafa. Ef miðað er við álagðan stríðsgróðaskatt s. l. 2 ár, þá mundi tekjuskurðing ríkissjóðs samkv. frumv. nema um 1½ millj. króna á ári.

Það er kunnugt, að flestir kaupstaðir og hreppsfélög þurfa mjög á auknum tekjum að halda, en tekjustofnar þeirra eru hins vegar fáir og ónógir. Það virðist eðlilegt, að þær tekjur, sem nú fást með stríðsgróðaskatti, renni að verulegu leyti til bæjar- og sveitarfélaganna og það því fremur, sem ríkið mun betur státt með tekjuöflun en þau. Þá er og þess að geta, að hinn nýi verðlækkunarskattur, sem samþ. var á síðasta þingi, gekk mjög verulega á tekjustofn bæjarfélaganna, og eykur hann því ástæðuna til þess, að tekjuhloti þeirra af stríðsgróðaskattinum verði aukinn.

Fr. þetta felur einnig í sér þá breytingu frá núgildandi lögum, að skýrt er fram tekið, að þau bæjar- og sveitarfélög, sem skatt fá samkv. ákvæðum 2. gr. laganna, þ. e. 45% af áföllnum stríðsgróðaskatti á viðkomandi stað, skuli þó aldrei fá lægri skatthluta samkv. þeirri grein en þau hefðu hlotið samkv. 3. gr., ef enginn stríðsgróðaskattur hefði þar til fallið. En eins og löggin eru nú, hefur greinilega komið í ljós, að nokkrir kaupstaðir, þar sem litill stríðsgróðaskattur féll til, hafa fengið minna í sinn blut heldur en þeir hefðu fengið, ef enginn stríðsgróðaskattur hefði þar verið.

Nánar í framsögu.